

Nr. 2/1898:

Hið opinbera
 gegn
 Arnbirni Ólafssyni, Guðna Jóns-
 syni, Bjarna Jónssyni og Ólafi
 Jónssyni.

D ó m u r :

Með lögreglurjettardómi Kjósar- og Gullbringu-
 sýslu, uppkveðnum 2. nóv. f. á., voru hinir kærðu,
 Arnbjörn Ólafsson, bakari í Keflavík, bændurnir
 Guðni Jónsson og Bjarni Jónsson á Vatnsnesi, og
 Ólafur Jónsson póstur í Keflavík dæmdir sekir í
 hlutdeild í broti gegn tilskipun 12. febr. 1872, um
 fiskiveiðar útlendra við Ísland, og lögum 15. apríl
 1854, um siglingar og verzlun á Íslandi, og fyrir
 brot á banni útgefnu af amtmanninum yfir Suður-
 og Vesturamtinu 11. maí f. á. gegn því að menn
 færu út í eða út að útlendum botnvörpuveiðiskip-
 um, er eigi væru búin að sýna lögreglustjóra
 skjöl sín í þeirri ferð skipsins frá útlöndum, og
 var kærðu með dóminum gjört að greiða sekt til
 landssjóðs fyrir þetta, Arnbirni Ólafssyni 60 kr.,
 Guðna Jónssyni og Bjarna Jónssyni 50 kr. hvor-
 um og Ólafi Jónssyni 20 kr. Svo skyldu kærðu
 og einn fyrir alla og allir fyrir einn greiða allan
 af málinu löglega leiðandi kostnað. En þessum
 dómi er eptir ósk hinna dómfelldu skotið til yfir-
 dómsins.

Broti hinna kærðu er lýst þannig í dóminum
 og málinu, að 4. sept. f. á. hafi útlenda botnvörpu-
 veiðiskipið Elsie H. 320 komið inn á Keflavík-
 höfn og hafi þá kærðu sótt út í það fisk, sem

skipverjar gáfu þeim eða seldu og fluttu í land heim til sín. Skip þetta sýndi eigi skjöl sín þar í Keflavík við þetta tækifæri, hvorki lögreglustjóra eða umboðsmanni hans þar, og var kærða Arnbirni þetta kunnugt, en hvort skipið hafi verið búið að sýna skjöl sín lögreglustjóra á annari höfn hjer við land, er ekkert upplýst um.

Með því að yfirdómurinn eigi fær sjeð, að kærðu hafi með atferli því, er nú var lýst, gjörzt sekir í hlutdeild í broti gegn lögum þeim, er undirdómarinn hefur vitnað til og að framan eru nefnd, nje í broti gegn fyrnefndu amtmannsbandi, sem virðist einmitt vilja styðjast við hin sömu lög, þá ber að sýkna hina kærðu algjörlega af kæru hins opinbera í málinu og leggja sakarkostnaðinn á landssjóð, þar með talin málf lutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Kærðu Arnbjörn Ólafsson, Guðni Jónsson, Bjarni Jónsson og Ólafur Jónsson eiga að vera sýknir af kæru hins opinbera í máli þessu. Allur af málinu, bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi leiddandi kostnaður greiðist úr landssjóði, þar með talin málf lutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, cand. jur. Halldórs Bjarnasonar og cand. jur. Hannes Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.